



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

15. fundur stjórnar 2023-2024 mánudaginn 22. apríl 2024

kl. 12.00 – 13.00 á Teams.

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Forföll: Grétar Þór Eypórssson, Hólmfríður Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Aðalfundur FPR. Framhald. (Fskj. 1)
2. Aðalfundur BHM 23. maí 2024.
3. Fundur norrænu háskólafélagana 2024. Framhald. (Fskj. 3a-d)
4. Fæðisfé. Tillaga að nýju fyrirkomulagi varðandi veitingarekstur á svæði HÍ. (Fskj. 4a-b)
5. Næsti stjórnarfundur.
6. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.05.

1. Aðalfundur FPR. Framhald. (Fskj. 1)

Farið var yfir þær lagabreytingatillögur sem stjórn mun leggja fyrir á aðalfundinum. Nokkrar snerta þær lagabreytingatillögur sem hafa borist. Þá mun stjórn koma með tillögu um að stofna kjaradeilusjóð til að styrkja stöðu félagsfólks í vinnudeilum. Einnig mun stjórn leggja til hækkun á félagsgjaldi úr 0,8% í 0,9% af launum félagsfólks. Rökin eru til að skapa svigrúm til að greiða í kjaradeilusjóð ef tillaga þar sem verður samþykkt á aðalfundinum. Áður var rætt um að hafa fyrirlesara á aðalfundinum en fallið var frá því þar sem mörg mál eru á dagskrá sem þarf að taka fyrir.

2. Aðalfundur BHM 23. maí 2024. (Fskj. 2a-b)

Farið var nánar yfir þær tillögur sem teknar verða fyrir að aðalfundinum eins og fram kom í síðustu fundargerð sem varða breytingar á aðildargjöldum aðildarfélaga BHM og fjölda fulltrúa á aðalfundi BHM.

3. Fundur norrænu háskólafélagana 2024. Framhald. (Fskj. 3a-d)

Eins og fram kom á síðasta fundi fara fjórir fulltrúar félagsins á fundinn það eru þau Sigrún, Ragna, Guðný og Lilja. Nánari upplýsingar um fundinn ásamt dagskrá eru í fylgiskjölum.

4. Fæðisfé. Tillaga að nýju fyrirkomulagi varðandi veitingarekstur á svæði HÍ.

Á síðasta fundi var tekið fyrir bréf framkvæmdastjóra stjórnslu HÍ dags. 2. apríl sl. um tillögu til háskólaráðs um nýtt fyrirkomulag vegna veitingareksturs á svæði HÍ.

Formaður upplýsti að formenn og framkvæmdastjórnar FPR og FH eiga fund eftir hádegi með sviðsstjóra og lögfræðing mannauðssviðs HÍ um málið.

Stjórn var sammála um að bæta þarf gæði matarins á háskólasvæðinu til að hægt sé að samþykkja breytingarnar. Þá var rætt um mikilvægi þess að fólk hefði val um hvort það fengi áfram fæðisfé eða afslátt af veitingum.

5. Næsti stjórnarfundur.

Næsti fundur verður föstudaginn 3. maí kl. 12-14.

6. Önnur mál.

Þátttaka félagsins 1. maí. (Fskj. 4)

Framkvæmdastjóri sagði frá fyrirspurn BHM um þátttöku FPR í kröfugöngu og baráttufundi á degi verkalýðsins 1. maí. Stjórn var sammála um að auglýsa viðburðinn meðal félagsfólks.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.10.

Fundarritari: LP.